




Fréttabréf Landfræðifélagsins



1. tbl. 1. árg. maí 1979.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Sigfús Jónsson Njálsgötu 73 R.

ÝTT ÚR VÖR

Loksins. Loksins komin á flot.

Það má í rauninni furðu sæta að ekki hafi verið starfandi Landfræðifélag fram að þessu. Þó hefur okkur borist njósn af því að á árunum um og eftir 1960 hafi verið starfandi hér á landi landafræðifélag. Það virðist hafa einskorðað starfsemi sína við ferðasögufundi, en starfaði í stuttan tíma og lognaðist síðan út af. Stjórn Landfræðifélagsins væri í þökk að fá frekari upplýsingar um þennan undanfara sinn.

Landfræðifélagið var stofnað 23. apríl 1979. Á stofnfundinn voru boðaðir um 80 manns, aðallega þeir sem höfðu stundað háskólanám í landafræði. Á fundinn komu um 40 manns og 10-15 boðuðu forföll. Samþykkt voru lög félagsins, kosin stjórn, ákveðið félagsgjald og rædd fyrirhuguð starfsemi. Einnig var skipuð ein starfsnefnd, grunnskólanefnd.

Þegar þetta fréttabréf kemur út er félagatalan komin yfir 100. Þessar frábæru undirtektir sína best að mikil þörf var fyrir slíkt félag. Þessi mikli byr hvetur líka stjórn félagsins til að sigla undir fullum seglum. Á starfskrá er fjölþætt starfsemi: Fréttabréf, tímarit, fyrirlestrafundir, ferðalög og kynningarfundir. Ákveðið hefur verið að hrinda öllu þessu í framkvæmd. Nú ríður bara á að félagsmenn taki höndum saman. Því mörg verk þarf að vinna. Skorur við því á félagsmenn að liggja ekki á liði sínu heldur bjóða fram starfskrafta sína, koma hugmyndum sínum á framfæri, halda stjórninni við efnið með jákvæðri gagnrýni og taka sem virkastan þátt í allri starfsemi.

Eggert Lárusson formaður.

LÖG FÉLAGSINS

- 1.gr. Félagið heitir Landfræðifélagið.
- 2.gr. Tilgangur félagsins er að efla landafræði og landfræðirannsóknir og stuðla að kynningu áhugamanna um landafræði á Íslandi.
- 3.gr. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því m.a.:
 - a) Að beita sér fyrir fyrirlestrahaldi um landfræðileg efni.
 - b) Að farnar séu fræðsluferðir.
 - c) Að gefa út fréttabréf sem komi út tvisvar eða oftár á ári.
 - d) Að gefa út fræðitímarit.
 - e) Að halda kynningarfundir fyrir félagsmenn.
 - f) Að halda ráðstefnur eftir því sem tilefni er til.
- 4.gr. Félagsmenn geta allir orðið sem greitt hafa félagsgjald.
- 5.gr. Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum kjörnum á aðalfundi ár hvert. Formaður skal kjörinn sérstaklega en stjórnin skipti með sér störfum að öðru leyti.
- 6.gr. Stjórn félagsins, aðalfundur og almennir félagsfundir geta kjörið félagsmenn í starfsnefndir til að sinna sérstökum verkefnum. Félagsmönnum skal tilkynnt um stofnun starfsnefnda og er hverjum félagsmanni heimilt að starfa með þeim sem fullgildum félögum. Starfsnefndir hafa umboð til að koma fram í nafni félagsins.
- 7.gr. Aðalfund félagsins skal halda í mars eða apríl ár hvert og skal dagskrá hans vera sem hér segir:
 - a) Skýrsla um starfsemi félagsins undanfarið ár.
 - b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
 - c) Kjörin stjórn með skriflegri kosningu.
 - d) Kjörnir tveir endurskoðendur reikninga og tveir til vara.
 - e) Lagabreytingar.
 - f) Ákvörðun félagsgjalds.
 - g) Önnur mál.Aðalfund skal boðað skriflega með 2ja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Einfaldur meirihluti ræður.
- 8.gr. Stjórn er skylt að boðað til funda ef a.m.k. 20% félagsmanna krefjast þess.

- 9.gr. Félagsgjald skal ákveðið af aðalfundi. Hver nýr félagsmaður skal greiða félagsgjald við inngöngu. Annars skal félagsgjaldið greitt fyrir aðalfund ár hvert. Einungis skuldlausir félagsmenn, sbr. 4. gr., hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.
- 10.gr. Landfræðifélagið skal vera aðili að alþjóðasamtökum á sviði landafræði. Erlent heiti félagsins er The Geographical Society of Iceland.

Á DÖFINNI

Til þess að gera félagið sem öflugast þarf fleiri féлага. Þetta fréttabréf er sent ýmsum aðilum sem stjórn félagsins telur að hafi áhuga á að gerast félagsmenn. Það geta þeir með því að hafa samband við einhvern stjórnarmanna. Árgjald má greiða með giró inn á ávísanareikning félagsins í Iðanadarbbankanum í Reykjavík nr. 7513. Einnig eru félagar sem eiga ógreidd árgjöld hvattir til að gera það strax.

Einstökum félagsmönnum er heimilt að sækja stjórnarfundum saki þeir um það hjá stjórnarmeðlimum með a.m.k. viku fyrirvara. Þá auglýsir stjórn félagsins eftir tillögum um merki félagsins.

Kynningarfundur félagsmanna verður haldinn í Stúdentakjallaranum 7. júní n.k. kl. 20 og eru allir hvattir til að mæta. Þá er búið að ákveða dagsferð í september þar sem hugað verður að ýmsum þáttum náttúrufars og mannlífs á Vatnsleysuströnd, Grindavík og í Selvogi. Fræðsluerindi á vegum félagsins hefjast í október n.k. og verða mánaðarlega yfir veturinn. Ef einhverjir félagsmenn hafa áhuga á að flytja erindi er þeim bent á að hafa samband við Ólaf Ö. Haraldsson.

Þá er verið að ýta úr vör tveimur starfsnefndum, annarri um orð og hugtök í landafræði sem Ólafur Óskarsson sér um og hinn um ritaskrá í landafræði Íslands sem Bjarni Reynarsson sér um.

Að lokum skal þess getið að stjórn félagsins er að athuga hvort ekki sé tímabært að stofna deild á Norðurlandi með aðsetri á Akureyri.

UM LANDFRÆÐI *

Mörg okkar hafa án efa lent í þeirri erfiðu aðstöðu að vera beðin um að skilgreina í örfáum setningum hvað land(a)fræði er og hvað landfræðingar gera, og hefur þetta líklega staðið í fleirum en höfundu þessa greinakorns. Hér að neðan reyni ég að svara þessum spurningum í örfáum orðum og styðst aðallega við kynningar- bæklinga frá samtökum bandarískra landfræðinga (The Association of American Geographers).

1. Hvað er landfræði?

Landfræðin fjallar um sérkenni einstakra staða og dreifingu fyrirbæra á yfirborði jarðar. Á sama hátt og tími er lykilhugtak í sagnfræði er dreifing (spatial distribution) lykilhugtak landfræðinnar. Landfræðin brúar það bil sem er milli hugvísinda og raunvísinda nútímans, þar sem í þessum fræðum er fjallað um manninn og athafnir hans, bæði í náttúrulegu og tilbúnu umhverfi.

Tvær spurningar einkenna landfræðilegar rannsóknir: Hvar eru fyrirbæri niður komin og ekki síður nú á tímum hvers vegna eru fyrirbærin þar sem þau eru. Landfræðingar fást því við að túlka og skýra landfræðilega dreifingu fyrirbæra, hvort sem þau eru menningar- eða náttúrulegs eðlis, og samspil hinna sfbreyt- ilegu dreifingarmynstra. Landfræðin er því mjög yfirgripsmikið fag.

Landfræðingar nálgast viðfangsefni sitt aðallega á tvennan hátt; í fyrsta lagi, að rannsaka sérstaklega einstaka þætti "þemalandfræði" (systematic geography) og í öðru lagi, að kanna alla mögulega þætti á afmörkuðu svæði "svæðalandfræði" (regional geography). Á seinni árum hefur fyrri aðferðin unnið mikið á, á kostnað þeirrar seinni, jafnt í mannvistarlandfræði sem náttúru- landfræði. (Hér að neðan er tafla er sýnir áhugasvið bandarískra landfræðinga).

Áður fyrr söfnuðu landfræðingar upplýsingum nær eingöngu á vettvangi, en nú á tímum hafa þeir aðgang að mun fjölbættari og nákvæmari gögnum en áður, t.d. loftmyndum teknum úr flugvélum og

* Mér finnst rétt að sleppa a-inu úr landfræði því fagið fjallar nú á tímum um um landið og athafnir mannsins þar, en minna um einstök lönd.

gervitunglum auk mikils magns af tölulegum upplýsingum frá ýmsum aðilum.

Tölvun er eitt aðalhljálpartæki landfræðinga í dag við útreikninga og flokkun gagna, einnig hafa landfræðingar nýtt tölvuna til kortateikninga. Samhliða minni áherslu á svæðalandfræði, (sérstaklega lýsingum á fjarlægum löndum), hafa borgir orðið einn helsti vettvangur landfræðilegra rannsókna, sem er ekki undarlegt þegar á það er litið, að stærsti hluti íbúa jarðarinnar býr nú í borgum.

Um 1960 urðu þáttaskil í landfræði í flestum löndum V-Evrópu og N-Ameríku; megináherslan færðist yfir á sérhæfðar rannsóknir og úrlausnir landfræðilegra vandamála, frá almennri lýsingu til sérhæfðrar greiningar. Þessi þáttaskil eru kölluð "greiningar- eða stærðfræði byltingin" (the quantitative revolution) og náði hún hámarki á árabilingu 1965-1970, þegar menn þurftu minnst þriggja ára háskólanám í stærðfræði til að geta stautað sig fram úr grein í landfræðitímariti. Á allra seinustu árum hafa landfræðingar verið að leita fyrir sér með nýjar aðferðir og kenningar, en stærðfræði byltingin hefur haft varanleg áhrif á landfræði, þannig að "gamla góða" landlýsinga landfræðin rykfellur enn um sinn á bókahillum landfræðinga.

2. Hvað gera landfræðingar (í Bandaríkjunum)?

Árið 1975 voru um 6000 landfræðinga meðlimir í bandaríska landfræðifélaginu (A.A.G.) auk þess eru í Bandaríkjunum um 4000 landfræðikennarar á "grunnskólastigi". Bandarískir landfræðingar hafa haslað sér vili á fjórum mikilvægum sviðum þar í landi:

1. Einkafyrirtæki, þar sem landfræðingar hafa aðallega unnið við staðsetningavandamál fyrirtækja og afmörkun viðskiptasvæða. Landfræðingar hafa og sett upp eigin ráðgjafabjónustu fyrir fyrirtæki.

2. Opinberar stofnanir. Hér er um mjög fjölbætt verkefni að ræða; en mikilvægust mun vera ýmisskonar kortagerð. Helstu verkefna sviðin eru umhverfismál, veðurfars og loftslagsmál, atvinnumál, stjórnunar- og stjórnsmál, landnotkun borga og landsvæða og alþjóðamál.

3. Skipulagsstofnanir og fyrirtæki. Landfræðingar starfa að skipulagsmálum á öllum þrem stígum bandaríska stjórnkerfisins, borga og sveitafélagastigi, fylkisstigi og alríkisstigi. Við skipulagsstörf nýtist vel bæði hinn breiði grundvöllur landfræðinnar og hin sérhæfða aðferðafræði landfræðinganna, dreifingargreiningin (spatial analysis). Landfræðingar starfa við flesta málaflokka tengdu skipu-

lagi: umhverfismálum, íbúa- og húsnæðismálum, landnotkun, samgöngumálum, atvinnumálum, gagnauðrvinnslu og kortagerð.

4. Kennsla. Landfræðingar kenna á öllum skólastigum í Bandaríkjunum. Á grunnskólastigi er landfræðin bæði kennd sem sér fag og eins hafa landfræðingar tekið saman landfræðileg þemaverkefni sem hluta af samfélagsfræði-námsefninu. Á miðskólastiginu (High School) hefur sérstakt landfræði-námsefni verið í gangi í nokkur ár, kallað "Geography in an Urban Age". Mikil gróska er í landfræðikennslu á framhaldsskóla- og háskólastigi. Árið 1975 var boðið upp á framhaldsnám eftir B.A. próf í 140 menntastofnunum í Bandaríkjunum og Kanada.

3. Áhugasvið bandarískra landfræðinga.

(Byggt á áhugasviðskönnun í bandaríska landfræðifélaginu 1976-1977).

I. Borgasvið (25,8%)

borgalandfræði (9,9)
skipulag borga og svæða (9,7)
félagslandfræði (6,2)

II. Hagræntsvið (20,5%)

hagræn landfræði (samgöngur, staðsetningarfræði, frumvinnsla, iðnaður og þjónusta) (14,0)
landnotkun í dreifbýli (4,6)
hagþróun (þróunarlönd) (1,9)

III. Menningar svið (19,3%)

menningarlandfræði (7,3)
söguleg landfræði (4,6)
stjórn mála landfræði (4,0)
íbúa landfræði (2,8)
söguleg þróun landfræði (0,7)

IV. Náttúrusvið (18,6%)

umhverfisfræði (vistfræði) (5,0)
náttúruauðlindir (höf og vötn) (4,5)
landmótunarfræði (3,4)
loftslagsfræði (2,9)
eðlisræn landfræði (gróður, jarðv. o.fl.) (2,7)

V. Aðferðasvið (11,2%)

kortagerð, loftmyndatúlkun og tölvunotkun (8,1)
tölfræði- og stærðfræðilegar aðferðir (3,0)

VI. Kennslusvið (5,3%)

(Landfræðikennarar á grunnskólastigi eru flestir í öðrum félögum).

STJÓRN FÉLAGSINS

Eggert Lárusson formaður Birkimel 10 R. s.19586.

Bjarni Reynarsson varaform. Háaleitisbraut 28 R. s.81841h/26102v.

Guðrún H. Gunnarsdóttir ritari Klapparstíg 13A R. s.28502.

Sigríður Hauksdóttir gjaldkeri Mávahlíð 4 R. s.20389.

Sigfús Jónsson meðstjornandi Njálsgötu 73 R. s.28531h/25133v.

Ólafur Ö. Haraldsson meðstj. Kaplaskjólsv. 33A R. s.12719h/83666v.

Ólafur Óskarsson meðstjórnanndi Logalandi 16 R. s.30871h/27744v.

STOFNFUNDUR

Stofnfundur félagsins var haldinn í Árnagarði þann 23. apríl kl. 20. Fundinn setti Eggert Lárusson formaður undirbúningsnefndar og bauð um 40 fundarmenn velkomna. Skipaði hann Sigfús Jónsson fundarstjóra og Bjarna Reynarsson til vara. Agúst Ásgeirsson var skipaður fundarritari. Hófust umræður um markmið félagsins og tillögu að lögum sem undirbúningsnefnd lagði fram. Þá kaus stofnfundur stjórn félagsins og ákvað 5000 kr. árgjald. Á fundinum kom fram einhugur fundarmanna um að lyfta kennslu og rannsóknunum í landafræði á Íslandi á mun herra plan en nú er og ná því fram með þeirri starfsemi sem nefnd er í 3.gr. laga félagsins.

GRUNNSKÓLANEFND

Á fyrsta fundi sínum skipaði stjórn Landfræðifélagsins starfsnefnd til að kynna sér tillögur Menntamálaráðuneytisins um stöðu landafræði í samfélagsfræðinámi grunnskólanna og skila álitssgerð þar um. Í nefndinni eru Eggert Lárusson, Ragnar Þorsteynsson, Hamraborg 18 Kóp. s.41438 og Þuríður Ástvaldsdóttir, Bjargarstíg 5 R. s.21897. Nefndinni hefur einnig verið falið að bregðast við erindi frá Ríkisútgáfu námsbóka um að segja álit sitt á töfluheftinu Heimur í tölum, vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á því. Grunnskólanefnd Landfræðifélagsins hvetur alla félagsmenn sem áhuga hafa á þessum tveimur málum að hafa samband við nefndarmenn, eða viðkomandi stofnanir, og koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem fyrst. Þess má einnig geta að nefndin hefur

undir höndum enskar kennslubækur í landafræði fyrir efri bekk
grunnskóla þar sem m.a. eru ýmsar gagnlegar hugmyndir að verkefnum
sem nemendur geta unnið. Þeir sem áhuga hafa geta fengið að
skoða þetta hjá Eggerti.

RITFREGN

Nýlega komu út hjá bókaforlaginu Bjöllunni bækurnar Stóra-
Bretland og Sovétríkin. Þetta eru fyrstu tvær bækurnar í nýjum
bókaflokki um lönd hjá Bjöllunni, en væntanlegar eru bækur um
Spán, Holland og Frakkland. Hér er um að ræða þýðingu á bóka-
flokki frá breska útgáfufyrirtækinu Macdonald & Co.

Þessar bækur eru ekki beint kennslubækur í landafræði heldur
úr kærkomin hlíðarlesning við landafræði og samfélagsfræðikennslu
í grunnskólum. Hver bók er um 60 síður í stóru broti (A4). Þær
eru ríkulega skreyttar myndum í lit er veita góða innsýn inn í
líf og starf íbúa þessara landa og sérkenni hverrar þjóðar. Í
hverri bók er stutt yfirlit í kortum og línuritum um ýmsa land-
fræðilega og hagræna þætti, auk viðauka um sögulega atburði og
merka menn. Aftast í bókunum eru tvö landakort, annað sýnir
ýmsa þætti úr náttúruferi en hitt stjórnunarsvæði og hagræna
þætti.

Aðstandendur Bjöllu útgáfunnar eiga þekkir skildar fyrir
þetta framtak sitt, því mikill skortur er á góðum bókum sem stað-
efni í landafræðikennslu í grunnskólum landsins; hinar ævafornu
og gamaldags kennslubækur í faginu hrópa á nýtt lesefni.